

Próf til öflunar verðbréfaréttinda 2021-2022

Prófnefnd verðbréfaréttinda stendur fyrir prófum í verðbréfaviðskiptum 2021-2022 sem hér segir: Próf í lögfræðihluta verður haldið **7. desember 2021** og próf í viðskiptahluta **30. mars 2022**. Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 1125/2021 um verðbréfaréttindi. Öllum er heimilt að skrá sig til verðbréfaréttindaprófs.

Prófnefnd verðbréfaréttinda tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr og semur prófsefnislýsingu skv. 4. gr. reglugerðar um verðbréfaréttindi. Í prófsefnislýsingu greinir jafnframt upplýsingar um leyfileg hjálpargögn í prófum o.fl., en lýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar: <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/profnefnd-verdbrefarettinda>

Lengd hvers prófs er allt að 4 klukkustundir. Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaréttindapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt og skal próftaki hafa lokið öllum nauðsynlegum prófum með fullnægjandi árangri **innan þriggja ára frá því að hann tók fyrsta prófið**. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0. Nánari upplýsingar um próf til öflunar verðbréfaréttinda má nálgast á fyrrgreindri vefsíðu prófnefndar.

Próftökum verður tilkynnt um nákvæmari tíma- og staðsetningu er nær dregur prófunum, sem þreytt verða í húsakynnum á vegum Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík.

Skráning í prófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans <https://oh.ru.is/namskeid/lengri-namskeid/prof-i-verdbrefavidskiptum>. Próftakar verða að hafa skráð sig og greitt prófgjald minnst tíu dögum fyrir sérhvert próf.

Prófgjald verður auglýst síðar á vefsvæði prófnefndar.

Reykjavík, 08. október 2021

Prófnefnd verðbréfaviðskipta